

Búnaðarfélag Grýtubakkahrepps

Afhending 2016/111

Félagið hét fyrst Framfarafélag Grýtubakkahrepps og var stofnað árið 1867.

Engar gjörðabækur hafa varðveist frá fyrstu árum félagsins því allar bækur þess, frá stofnun til 1889 eyðilögðust í húsbruna í Nesi þann 15. apríl 1889. Einnig brunnu nokkrir munir sem félagið átti, þ.á.m. aktygi og beisli. Nes var heimili þáverandi formanns félagsins, Einars Ásmundssonar (1828-1893).

Tilgangur og ætlunarverk félagsins var „*að styðja að framförum sveitarmanna í sem flestum efnum, einkum í búnaði og öðrum atvinnuvegum, sem og í menntun og þekkingu.*“

Tveir fundir voru haldnir á hverju ári, haust og vor. Á vorin var gert ráð fyrir sýningu á lifandi peningi og líflausum munum, auk fyrirlestrum og samræðum um búnaðarefni og framfaramál. Á haustin átti m.a. að útbýta verðlaunum til þeirra sem höfðu til þeirra unnið.

Félagið eignaðist einhver verkfæri til nota fyrir félagsmenn og vann að ýmsum framfaramálum en jarðrækt, jarðabætur og sauðfjárrækt fengu jafnan mestu athyglina. Félagið eignaðist dráttarvél árið 1929 og eftir það var rekstur hennar stærsta viðfangsefni.

Félagið fékk nýtt nafn 1938 og hefur heitið Búnaðarfélag Grýtubakkahrepps síðan. Ekki urðu aðrar breytingar á starfi félagsins en nafnið. Síðari áratugina hefur starf félagsins einkum snúist um að eiga tæki sem bændur geta nýtt sameiginlega.

Afhendingin barst frá Birni Ingólfssyni á Grenivík.

Aðrar afhendingar með skjölum frá sama skjalamyndara eru 2008/61, 2013/49, 2023/68.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

15. nóvember 2024

Katrín Björg Þórisdóttir

Skjalavörður

Geymsluskrá

Skjalaf. Askja Örk Tímabil Efni

2016 / 111

A-Búnaðarfélag Grýtubakkahrepps

A-Búnaðarfélag Grýtubakkahrepps

1889 - 1990

| | | | | |
|---|---|---|-------------|--|
| A | 1 | 1 | 1889 - 1896 | Gjörðabók |
| A | 1 | 2 | 1889 - 1937 | Jarðabótaskýrslur |
| A | 1 | 3 | 1960 - 1975 | Jarðabótaskýrslur |
| A | 1 | 4 | 1974 - 1990 | Kjörskrár til Búnaðarþingskosninga, Skýrslur um ríkisframlag til jarðræktar og húsbóta, listi yfir úthlutun úr Jöfnunarsjóði fyrir skurðgröft. |